

Víðidalsá 1993

Tumi Tómasson

Desember 1993

VMST/N- 94002

VEIÐIMÁLASTOFNUN
Bókasafn



Veiðimálastofnun
Norðurlandsdeild

Fiskeldi - Fiskrækt - Rannsóknir - Ráðgjöf

Hólum í Hjaltadal
551 Sauðárkrókur
Sími: 95-36599
Fax: 95-36672

VÍÐIDALSÁ 1993

Inngangur

Dagana 29/7-1/8 1993 var gerð athugun á seiðastofnum Víðidalsár og Fitjár. Slíkar athuganir hafa verið árvisst viðburður síðastliðinn áratug og er markmið þeirra að kanna útbreiðslu, þéttleika, vöxt og þrif mismunandi árganga laxaseiða á laxgengum hlutum árkerfisins og afkomu laxaseiða sem sleppt hefur verið á uppeldissvæði ofan laxgengra fossa. Niðurstöðurnar eru svo lagðar til grundvallar ráðgjafar um laxrækt í ánum.

Oftast er veitt á sömu stöðum frá ári til árs, því botngerð og straumlag hafa mikil áhrif á hve vel seiði af mismunandi stærð geta þrífist á svæðinu. Samanburður milli ára er því ekki raunhæfur nema veitt sé á sem svipuðustum stöðum. Staðirnir voru upphaflega valdir til að veiðar þar gæfu sem heilstæðasta mynd af ástandi seiðastofna laxa í árkerfinu öllu.

Fyrir utan fasta veiðistaði hefur af og til verið bætt við veiðistöðum þegar niðurstöður veiðanna eða aðrar sérstakar ástæður, t.d. ákveðnar laxræktaraðgerðir sem ráðist hefur verið í, gefa tilefni til.

Þessu sinni var veitt á alls 28 stöðum, þar af á 8 stöðum á ólaxagegnum svæðum sem ekki hefur verið veitt á áður.

Veiðin 1993

Sumarið 1993 var með eindæmum kallt, laxagöngur seint á ferðinni, og laxinn var lengi að ganga fram árnar. Það má því gera ráð fyrir að veiðialagið hafi verið heldur minna en í meðalári og að laxgengd hafi því verið eitthvað betri en veiðitölur gefa til kynna. Þrátt fyrir þetta var veiðin í Víðidalsá og Fitjá góð sumarið 1993. Alls veiddust tæplega 1340 laxar. Þar af voru smálaxar í knöppum meirihluta eða um 680 á móti um 660 stórlöxum. Þetta er heldur minni veiði en árið á undan, en þá veiddust alls um 1480 laxar, þar af um 1060 smálaxar.

Stórlaxaveiðin batnaði töluvert á milli ára, en varð þó minni en búist hafði verið við eftir mjög góða smálaxaveiði sumarið 1992. Það er þó almennt svo að því stærri sem smálaxinn er, því lægra hlutfall stórlaxa kemur á móti sumarið eftir, og smálaxinn var tiltölulega vænn sumarið 1992. Þrátt fyrir þetta varð stórlaxaveiðin töluvert minni en gera mátti ráð fyrir. Það er umhugsunarefni að þetta skuli gerast á fyrsta árinu sem ætla má að full áhrif af kaupum á úthafslaxveiðikvóta komi fram, en áhrif ættu fyrst og fremst að lýsa sér í auknu hlutfalli stórlaxa.

Mun minna veiddist af smálaxi sumarið 1993 en sumarið á undan, og kom það ekki á óvart, en veiðin telst samt góð og er yfir meðallagi. Þess ber einnig að geta að meðalþyngd veiddra smálaxa var í lægri kantinum, sem gefur góðar vonir um að hlutfall stórlaxa sem gönguseiðaárgangurinn frá 1992 gefur af sér verði tiltölulega hátt. Ég á því von á að verði næsta sumar og aðstæður til veiða eðlilegar, þá má allt eins búast við að stórlaxaveiði sumarið 1994 verði góð, svipuð eða jafnvel betri en sumarið 1993.

Ástand seiðastofna á laxgengum svæðum

Niðurstöður rafveiðanna eru teknar saman á hefðbundinn hátt í Töflum 1 og 2 og í Myndum 2 og 3. Seiðapéttleiki er nú almennt tiltölulega lítill og jafnvel minni en æskilegt er á sumum stöðum. Svo virðist sem hrygning sé ekki árviss fremst í Fitjá, en einnig má gera ráð fyrir að óvenju mikil afföll hafi orðið á seiðum sem komu úr klaki sumarið 1992 vegna vatnskulda.

Víðidalsá

Í Víðidalsá var veitt á fjórum stöðum á laxgenga svæðinu (5,6,8 og 10, Myndir 1 og 2). Seiði voru almennt mjög vel á sig komin. Á öllum stöðunum fundust allir árgangar seiða, þ.e. frá 0+ til 3+/4+. Vorgömul seiði voru mjög smá miðað við árstíma, en þó er líklegt að hátt hlutfall þeirra hafi náð nægum þroska fyrir veturinn til að geta spjarað sig. Árgömul seiði (1+) voru einnig tiltölulega smá eftir aldri, reyndar svipuð og jafngömul seiði voru í rafveiðunum 1992, en töluvert minni en 1991. Það vekur hinsvegar athygli hve stór og væn 2+ seiðin voru. Það er greinilegt að þrátt fyrir kallt tíðarfar hafa eldri seiðin spjarað sig einstaklega vel.

Það er eðlilegt að yngri seiði (0+ og 1+) séu mjög smá eftir köld sumur 1992 og 1993. Því smærri sem seiðin eru því meiri áhrif hefur vatnshiti á vaxtarskilyrði þeirra. Lágur vatnshiti dregur ekki að sama skapi úr líkamsstarfsemi stærri seiða (2+ og 3+) og þau voru í mjög góðum þrifum sem bendir til að fæðuframboð hafi verið gott. Það stafar líklega að miklu leyti af því að seiðapéttleiki er almennt frekar lágur m.a. vegna aukinna affalla yngstu seiðanna í köldu árferði, og einnig vegna þess að líffungi 0+ og 1+ seiða er lágur vegna smæðar þeirra. Þessir þættir báðir draga úr samkeppni um fæðu í ánum og bæta stöðu stærri seiða.

Það verður því ekki annað séð en að ástand seiðastofna á laxgenga hluta Víðidalsár hafi heldur farið batnandi milli ára og við getum vænst þess að gönguseiðaframleiðsla svæðisins fari heldur vaxandi. Hún var þó væntanlega nokkuð undir meðallagi sumarið 1993.

Á veiðistað 6 veiddust tvö stór seiði sem greinilega voru ættuð úr eldisstöð og hafði verið sleppt sem gönguseiðum. Annað var örmerkt, en hvorugt seiðanna var í göngubúningi. Þegar þau veiddust var talið að þau hefðu verið úr sleppingu fyrr um sumarið, en síðar kom í ljós að engum gönguseiðum var sleppt í Víðidalsá sumarið 1993. Þessi seiði voru því annað hvort úr sleppingu 1992, eða seiði sem sleppt var í Gljúfurá sumarið 1993 en hafa ekki verið búin að ná göngubróska.

Fitjá

Uppeldisskilyrði á laxgengum hluta Fitjár eru víða mjög góð og mikið veltur á um hvernig þau nýtast, hvernig gönguseiðaframleiðslan og síðar veiðin, verða. Alls var veitt á 10 stöðum á laxgenga hlutanum (staðir 1-9 og 1a, sjá Myndir 1 og 3)

Vorgömul seiði veiddust á þremur neðstu stöðunum, auk þess sem eitt slíkt seiði veiddist á stað 5. Stærst voru vorgömul seiði á neðsta staðnum, stað 9, en þau smækkuðu svo eftir því sem ofar dróg (Mynd 3). Þetta er einkennandi fyrir aðstæður þar sem vatnshiti hefur meiri takmarkandi áhrif en fæðuframboð á vöxt seiða. Á árum áður hefur seiðapéttleiki oft verið svo mikill í neðri hluta Fitjár, einkum fyrir neðan Kerin (staður 9), að bæði 0+ og 1+ seiði hafa verið smæst neðst í ánni. Núna er péttleiki seiða mun lægri en oft áður og þrif þeirra mun betri.

Mjög lítið veiddist af seiðum í efri hluta árinna, þ.e. í giliinu frá Bjarnafossi og niður undir Fremri Fitja. Veiðin þar einkenndist af fáum og tiltölulega stórum (allt upp í rúmlega 20 cm) seiðum, sem flest voru kynþroska hængir. Á stað 1 veiddust nokkur 2+ seiði í göngubúningi, en þessi seiði voru upprunnin úr sleppingu fyrir ofan fossinn. Að öðru leyti vantaði þennan seiðaárgang með öllu í framanverða Fitjá.

Svo er að sjá sem einhver seiði úr klaki 1992 hafi komist á legg í giliinu. Það er aðeins erfitt að gera sér nákvæma grein fyrir dreifingu þeirra þar, en í giliinu er fjöldi foss-flúða sem seiði komast ekki upp fyrr en þau eru orðin stærri og seiði virðast fyrst og fremst dreifa sér upp árnar frá hrygningarstað. Til dæmis veiddust öll 1+ seiðin á stað 1 fyrir neðan slíka flúð á miðju veiðisvæðinu. Til að fá betra yfirlit yfir dreifingu 1+ seiða var bætt við einum veiðistað, stað 1a, fyrir neðan foss-flúð um miðja vegu milli staða 1 og 2. Allt bendir til að þessi árgangur sé mjög rýr í giliinu og það var í raun einungis á stöðum 5 og 9 sem styrkleiki þessa árgangs er í góðu lagi.

Til að bæta nýtingu á uppeldismöguleikum í giliinu var sleppt 5. ágúst sumaröldum seiðum af Fitjástofni á svæðið frá Bjarnafossi, niður að stað 3, eða á um 4.5 km kafla. Alls var sleppt um 5500 seiðum. Seiðin voru mjög væn, 5-10 cm á lengd, flest 6.5-8.5 cm. Þau voru því töluvert stærri en náttúruleg 1+ seiði voru á sama tíma.

Neðar í ánni, frá Fremri Fitjum, er ástand seiðastofna nú nokkuð gott. Tveggja ára seiði (2+) eru ríkjandi á svæðinu. Þau voru þrifleg og tiltölulega stór eftir aldri og má gera ráð fyrir að þau muni ganga út sem 3+ og 4+ seiði næstu tvö sumur. Það horfir því vænlega um að gönguseiðaframleiðsla þessa kafla verði góð næstu tvö árin.

Ástand seiðastofna á ólaxgegnum svæðum

Niðurstöður rafveiðanna eru teknar saman í Töflu 1 og í Myndum 2 og 3. Nýting ólaxgegna svæða hefur um langan tíma skipað veigamikinn sess í laxræktunar-

starfinu í Víðidalsá og Fitjá og hefur það svæði sem nýtt er til sleppinga farið stækkandi. Sumarið 1992 var sleppt mun framar í þessar ár en áður hefur verið gert. Því miður hefur framboð seiða úr eldisstöð takmarkað seiðasleppingar nokkuð síðustu tvö sumur.

Víðidalsá

Sumarið 1992 var tvívegis sleppt smáseiðum í Víðidalsá, alls 30000 seiðum. Í lok júní var sleppt 15000 seiðum á kaflann frá Öxná og fram fyrir Kjálkafoss, á um 7 km kafla. Mánuði síðar var alftur sleppt 15000 seiðum á álíka langan kafla mun ofar í ánni, líklega frá Hesteyrum og fram að Sandfellskvísl. Þetta svæði er í 400-450 m hæð yfir sjó. Sumarið 1991 var sleppt 20000 seiðum á svæðið frá Hrappstöðum og fram að Öxná.

Í rafveiðunum nú var í fyrsta skipti veitt á fremsta svæðinu. Veitt var á þremur stöðum og voru um 2 km milli staða:

Staður A: rúmum 2.5 km fyrir framan gangnamannakofa

Staður B: um 0.5 km fyrir framan gangnamannakofa, fyrir neðan litla foss-flúð, og

Staður C: um 1.5 km fyrir neðan gangnamannakofann

Kortið á Mynd 1 nær ekki til þessara staða.

Botngerð á þessu fremsta svæði er nokkuð breytileg, þarna er víða smágrýtt, en innanum er fremur skjóllítt klapparbotn og sumstaðar finni mól. Almennt má þó segja að botngerð sé ákjósanleg fyrir laxaseiði. Eftir því sem ofar dróg varð áin áberandi meira hrjóstrug og harðbýlli. Stórir skaflar lágu þar víða að ánni (um mánaðarmótin júlí-ágúst) og botninn var víða stamur og líflítt. Það ber þó að hafa í huga að þetta var í óvenjulega köldu sumri.

Veiði á þessum kafla var sæmilega góð. Seiðin á stöðum B og C voru sérlega væn. Á stað A voru seiðin almennt lengri en á stað B (Mynd 2), en það má líklega fremur rekja til tiltölulega meiri affalla meðal smærri seiða þar en neðar, enda mældist þéttleiki seiða á stað A um helmingi minni en á stöðum B og C (Tafla 1).

Það virðist nokkuð ljóst að þetta svæði mun ekki framleiða mikið magn gönguseiða sumarið 1994 og flest seiðin sem sleppt var 1992 munu þurfa að dvelja þrjú ár í ánni áður en gönguproska er náð og ganga út sumarið 1995. Þegar þessum seiðum var sleppt um mánaðarmótin júlí/ágúst voru þau fremur smá og illa á sig komin. Miðað við ástand seiðanna og tíðarfar sumurin 1992 og 1993 hefur sleppingin þó tekist vel og allt bendir því til að Víðidalsá geti framleitt töluvert af gönguseiðum á þessu svæði á tveimur árum, sé árferði eðlilegt og seiðin væn þegar þeim er sleppt.

Seiðin sem sleppt var um mánaðarmótin júní/júlí 1992, á svæðið fyrir framan Öxná (staðir -1 og 0, Mynd 2), voru mun vænni en seiðin ofar í ánni og mun stór hluti þeirra ganga út næsta vor. Þarna er vaxtartíminn heldur lengri en framar í ánni, en mestu máli skiptir þó að seiðin voru mun vænni þegar þeim var sleppt. Töluvert veiddist af seiðum úr sleppingunum frá 1991 (staðir 1, 3 og 4, Mynd 2). Þessi

seiði voru mjög væn og yfir helmingur þeirra 14-15 cm löng. Þessi stærri seiði voru öll í göngubúningi þegar þau veiddust, þótt langt væri liðið fram á sumar, og líklegt að töluvert stór hluti þessa árgangs hafi þegar verið genginn til sjávar. Svo virðist sem seiðasleppingin frá 1991 hafi framleitt verulegt magn gönguseiða sumarið 1993. Þessi framleiðsla mun að líkindum skipta miklu máli fyrir laxgengd næstu tveggja ára.

Þann 4. ágúst 1993 var sleppt 5700 sumaröldum seiðum í Víðidalsá, en óhapp í Hólalaxi olli því að ekki var til meira af seiðum af Víðidalsárstofni. Seiðunum var dreift á langan kafla, frá Hrappstöðum og fram undir Öxná. Seiðin voru mjög væn og falleg, flest á bilinu 6-9.5 cm.

Ég legg til að áfram verði lögð megináhersla á nýtingu ólaxgengra svæða í Víðidalsá. Hvar best er að sleppa næsta sumar fer eftir því hve mikilu magni menn vilja sleppa. Sumarið 1994 ber að leggja mesta áherslu á seiðasleppingar á svæðið frá Öxná og fram fyrir Kjálkafoss. Þar mætti sleppa 15-20000 seiðum. Síðan mætti sleppa 5-7000 seiðum á svæðið frá Kolufossi og fram að Hrappstöðum. Svæðið frá Hrappstöðum og fram að Öxná þolir einnig meiri ásetning er er þar nú. Ég tel þó æskilegast að miða við að sleppa annað hvert ár á svæðið frá Bergá að Öxná og á svæðið fram hjá gangamannakofanum, og hitt árið frá Kolufossi og fram að Hrappstöðum og frá Öxná fram fyrir Kjálkafossa. Hér er þá gert ráð fyrir að sleppa óflokkuðum sumaröldum seiðum, þegar breytileiki í stærð seiða er orðinn nokkuð mikill.

Fitjá

Sumarið 1991 var sleppt 14000 vænum sumaröldum seiðum í Fitjá, frá Bjarnarfossi og fram fyrir sauðfjárveikivarnargirðinguna fyrir framan Gilsbakka í um 260-320 m hæð yfir sjó.

Ekki veiddist mikið af þessum seiðum í rafveiðunum 1992, en þá voru skilyrði til veiða mjög erfið. Í rafveiðunum nú veiddust seiði úr þessari sleppingu í töluverðu magni við Gilsbakka (staður -2, Mynd 3), flest í göngubúningi. Neðar á svæðinu veiddist mun minna af seiðum úr þessari sleppingu og þau sem veiddust voru ekki í göngubúningi. Ég tel því líklegt að flest seiði úr þessari sleppingu hafi verið gengin til sjávar á þeim tíma þegar veitt var, en góð veiði efst á sleppisvæðinu frá 1991 (þaðan sem vænta má að seiði gangi síðast), bendir til að sleppingin hafi heppnast vel og skilað af sér góðum gönguseiðaárgangi sumarið 1993.

Sumarið 1992 var sleppt 7500 seiðum fyrir framan Gilsbakka. Seiði úr þessari sleppingu veiddust á veiðistaðnum rétt fyrir framan Gilsbakka (staður -2) og á tveimur stöðum þar fyrir framan (Staðir -3 og -4, 2.0 og 3.5 km framar). Ekki er annað að sjá en að sleppingin hafi heppnast vel og seiðin hafa dafnað vel. Þau munu að líkindum flest ganga til sjávar sumarið 1994.

Svæðið fyrir framan Gilsbakka er mjög vel fallið til uppeldis seiða. Þarna er líka auðvelt að komast að ánni af veginum sem liggur fram í gangnakofana sem eru við Fitjá og Víðidalsá. Eggert á Bjargshóli telur að kjörsvæði fyrir laxaseiði séu áfram

á um 10 km kafla fyrir framan gangnakofann, en þar verður landið hallaminna og áin lygn og mjög djúp - og fellur víða í gegnum lítil vötn eða tjarnir. Þar er áin komin í um 450 m yfir sjávarmál.

Miðað við þá reynslu sem þegar er fengin af sleppingum í Víðidalsá og Fitjá tel ég að alls megi nýta um 20 km kafla í Fitjá fyrir framan Bjarnarfoss til uppeldis laxaseiða. Líklega væri réttast að sleppa annað hvert ár á tvo 5 km kafla og aðra tvo hitt árið, alls um 20-25000 þúsund seiðum á ári.

Sumarið 1993 var 4. ágúst sleppt um 3600 seiðum á um 2.5 km kafla fyrir framan Bjarnarfoss, en fleiri seiði fengust ekki. Seiðin voru vel væn, flest 6-9.5 cm.

Kambsá

Síðast var sleppt seiðum í Kambsá 1991, alls 7000. Rafveiðarnar 1992 bentu til að sleppingin hefði tekist vel. Sumarið 1993 var rafveitt á tveimur stöðum í ánni. Á stað 1 var veitt á 60 m kafla, en þar veiddist ekkert seiði. Á stað 2 fengust einungis 4 seiði á um 50 m kafla, öll kynþroska hængir. Flest hafa því seiðin gengið til sjávar sumarið 1993. Æskilegt væri að sleppa um 5000 seiðum af Fitjárstofni aftur í Kambsá sumarið 1994.

ÁLYKTANIR

Svo virðist sem ástand seiðastofna á laxgegnum svæðum fari almennt batnandi og búast má við að þau fari að skila heldur aukinni gönguseiðaframleiðslu næsta sumar. Þó er gilið í Fitjá þar undantekning, en þar var sleppt seiðum 1993 til að nýta betur uppeldissvæðin. Hvort frekari sleppinga á það svæði verði þörf þarf að meta aftur á næsta ári.

Yngstu seiðin (0+ og 1+) eru óvenju smá og erfitt er að sjá fyrir hvernig þessum árgöngum muni reiða af. Verði hitafar í ánum eðlilegt næsta sumar má þó gera ráð fyrir mjög góðum vexti seiða því þéttleiki er tiltölulega lágur. Við slíkar aðstæður eru afföll almennt lítil og framleiðslugeta ána verður skilvirk og gönguseiðaframleiðsla góð. Það kemur í ljós sumarið 1994 hver þróunin verður.

Gera má ráð fyrir að gönguseiðaframleiðsla af laxgöngum svæðum hafi áfram verið undir meðallagi sumarið 1993. Hinsvegar má búast við að gönguseiðaframleiðsla af ólaxgöngum svæðum hafi verið í betra lagi. Smálaxagengd næsta sumar ræðst mikið af því hvernig seiðum sem til sjávar gegnu reiðir af, en gangan út var mjög seint á ferðinn. Það eru þó allar forsendur til þess að smálaxagangan næsta sumar verði góð.


Aðstæður til veiða, tímasetning laxagöngunnar og dreifing laxa um árna hafa að líkindum valdið því að minna veiddist sumarið 1993 en heildarstærð göngunnar gaf tilefni til. Ég geri því ráð fyrir að veiðin geti áfram orðið góð 1994 og mjög svipuð því sem var síðastliðið sumar.

Tafla 1. Fjöldi veiddra seiða í rafveiðum í Víðidalsá 29/7-1/8 1993, eftir veiðistað og aldri.

Staður númer	Stærð veiðisvæðis m ²	Fjöldi veiddra seiða á 100 m ²					bleikja
		0+	1+	lax 2+	3+/4+	urriði	
A	35x20	-	1.9	-	-	-	0.3
B	30x25	-	3.6	-	-	-	0.1
C	50x12	-	3.2	-	-	-	0.5
-1	65x10	-	3.2	-	-	0.2	0.2
0	70x12	-	3.4	0.2	-	-	-
1	75x11	-	-	0.7	-	0.2	-
3	60x10	-	-	2.3	-	-	0.2
4	70x8	-	-	2.8	-	0.2	0.2
5	50x15	2.1	0.3	4.8	2.0	-	-
6	50x8	1.3	10.0	3.0	0.8	-	-
8	50x12	0.3	4.2	7.5	0.7	0.3	0.7
10	60x7	3.1	4.8	7.9	1.2	0.1	1.0


Tafla 2. Fjöldi veiddra seiða í rafveiðum í Fitjá 29/7-1/8 1993, eftir veiðistað og aldri.

Staður númer	Stærð veiðisvæðis m ₂	Fjöldi veiddra seiða á 100 m ²					urriði
		0+	1+	lax 2+	3+	4+/5+	
-4	40x12	-	2.3	-	-	-	-
-3	40x15	-	1.5	-	-	-	-
-2	40x20	-	2.4	1.8	-	-	-
-1	60x7	-	-	0.7	-	-	-
0	40x15	-	-	0.2	-	-	-
1	40x18	-	2.2	1.1	0.4	0.7	0.1
1a	30x8	-	0.4	-	0.4	-	-
2	40x12	-	0.2	-	0.2	-	-
3	40x12	-	0.2	-	0.4	0.9	0.2
4	75x8	-	-	3.5	2.3	0.3	-
5	35x20	0.1	3.4	4.3	0.6	-	-
6	50x12	-	0.2	4.2	1.5	0.2	-
7	50x10	4.4	1.4	6.8	1.0	-	-
8	50x10	2.2	-	3.0	2.4	-	-
9	50x8	1.5	4.0	6.0	0.5	-	-



Mynd 1. Rafveiðistaðir í Viðidalsá, Fitjå og Kambsá.


Fjöldi



Mynd 2

Lengdar- og aldursdreifing veiddra laxaseiða í Víðidalssá 29/7 - 1/8 1993

Fjöldi



Mynd 3

Lengdar- og aldursdreifing veiddra laxaseiða í Fitja 29/7 - 1/8 1993

SALMON STOCKS IN RIVER VÍÐIDALSÁ 1993

The fishery in 1993

The summer of 1993 in northern Iceland can hardly be referred to as such. It was very late and very cold. This resulted in late runs of adult salmon, and once in the river their progression upstream was slow. Warmly dressed fishermen in River Víðidalsá however made good catches. The rod fishery yielded a total of 1340 salmon, down only by 140 from the previous summer.

The division of the catch was about 680 grilse and 660 salmon. Even if the grilse catch was considerably down from 1060 in 1992, it can still be considered good. More encouraging though is the fact that the average weight of the grilse was down, which usually indicates that a greater proportion of the year class will return as salmon the following year. We therefore expect the salmon component of the catches in 1994 to remain similar to what it was in 1993.

Status of juvenile stocks in areas below impassable falls

A survey of the juvenile salmon populations in Víðidalsá and Fitjá revealed that their density is generally lower than in many previous years. In particular the year classes hatched in 1992 and 1993 appear not to be as large as often before. Added to that is a small average individual size in these year classes, mainly due to low water temperatures in 1992 and 1993. The smaller the juvenile, the greater the influence of water temperature is on growth.

The older juveniles, notably those hatched in 1991, were relatively numerous and in very good condition. These larger individuals are less affected by the cold water and reduced density and growth of the younger fry has given them a competitive advantage. This should be reflected in increased smolt production in 1994 in the areas where salmon reproduces naturally. The smolt production of these areas in 1993 is however expected to have remained relatively low.

The upper reaches of Fitjá are now under stocked, although evidence of successful spawning in 1991 near Bjarnafoss, the first impassable fall to migratory salmonids in Fitjá, was found. It was however felt that the nursery potential of this area was not being adequately utilized and so over five thousand hatchery reared juveniles of the local stock were released on a 4.5 km stretch below the fall.

Status of salmon stocks in areas above impassable falls

The release of hatchery reared juveniles is usually reserved for suitable areas above impassable falls. This practice has given good results in the past and was continued in 1993, albeit on a small scale due to a mishap in the hatchery. A survey of juvenile populations in these areas indicated that smolt production in both River Fitjá and River Víðidalsá may have been particularly good in 1993, in spite of the cold summer. The smolts were late in migrating out and a number of those were found in the river in early August.

In 1992, new areas in both Víðidalsá and Fitjá high up in the catchment were stocked with juveniles for the first time. The results of these releases was particularly encouraging. The juveniles were found to have grown well and survival was high. Increased emphasis on the utilization of areas above impassable falls should reduce fluctuations in salmon runs and lead to a general increase.

The outlook for 1994

We expect that angling in River Víðidalsá should remain good in 1994. It is difficult to predict the size of the grilse run. Even if the smolt run was late in 1994, the smolts were generally larger than usual, which may contribute to good ocean survival. We are therefore optimistic that the grilse run in 1994 will be similar to what it was in 1993. The total catch and the catch composition of salmon and grilse is therefore expected to be similar to that of 1993.

Tumi Tómasson
Institute of Freshwater Fisheries
Hólar í Hjaltadal
551 Sauðárkrókur
ICELAND

December 1993